

Nd.

206. Nefndarállt

um frv. til laga um breyting á 1. gr. tolllaga fyrir Ísland, nr. 54, 11. júlí 1911.

Frá fjárhagsnefndinni.

Fjárhagsnefndin, sem haft hefir frumvarp þetta til athugunar, leggur til að það nái fram að ganga með litlum breytingum. Nefndin hefir fundið það, að búast má við talsverðum tekjuauka eftir frumvarpinu, ef gert er ráð fyrir svipuðum aðflutningi af þessum vörutegundum og var árið 1916. Á hina hliðina sjer nefndin ekki, að hjer sje um slíkar vörur að ræða, er eigi megi hækka toll á, að minsta kosti um sinn.

Þessar breytingar leggur nefndin til að gerðar verði á frumvarpinu:

1. Stafl. b í 1. gr. falli burt.
2. Í staðinn fyrir »kr. 1,50« undir stafl. e komi:
kr. 1,25.

Alþingi, 27. júlí 1917.

Magnús Guðmundsson,
formaður.

Gísli Sveinsson,
skrifari.

Pórarinn Jónsson,
framsögumaður.

Þorsteinn M. Jónsson.

H. J. Kristófersson
m. f.